



# Ísland frá öðru sjónarhorni

Ekki er langt síðan að eingöngu sjóleiðin var Íslendingum fær vildu þeir ferðast utan eða heim. Í mörgum kvæðum er rómuð sú tilfinning að sjá landið sitt rísa úr sæ. Hafi einhver velt fyrir sér hvernig hún er gefst tækifæri til að kanna það fyrir vestan hjá Sigurði Jónssyni, skipstjóra á skútunni Auroru.

TEXTI: STEINGERÐUR STEINARSDÓTTIR  
MYNDIR: ALDÍS PÁLSDÓTTIR

Í kringum ferðirnar er rekin ferðaskrifstofa sem heitir Aurora Arktika og Sigurður hefur á að skipa einvalaliði leiðsögumanna sem hver og einn hefur sitt sérsvið annaðhvort á sviði náttúru, útvistar eða siglinga. Farþegar fá tækifæri til að reyna sig á göngu um há og brött fjöll Vestfjarða, renna sér á skíðum eða leika sér á brettum og kajökum á kyrrum fjörðum. Ferðirnar eru í boði fyrir Íslendinga jafnt sem erlenda ferðamenn. Markmið ferðanna á Auroru er að upplifa sem mest og njóta ævintýra. Skútan er glæsilegt skip en er þetta gott sjóskip og hvert kjósið þið helst að sigla? „Já, Aurora er afar gott sjóskip og sérstaklega byggð og útbúin fyrir

úthafssiglingar. Hún var keypt til Íslands árið 2006 en áður var hún notuð í kappsiglingar á vegum breska fyrirtækisins Clipper Ventures. Henni var siglt fjórum sinnum í kringum hnöttinn í siglingakeppnum. Við siglum mest við Vestfirði en einnig víða um Norður-Atlantshafið eins og við Grænland, Jan Mayen og Færeyjar,” segir Sigurður.

Víða um land háttar þannig til að stóran hluta af árinu urðu íbúar að fara á milli á bátum því landleiðin var ófær. Þetta á einkum við um Vestfirði, enda telja sumir að á nokkrum stöðum séu vegir þar enn það slæmir að öruggara sé að fara sjóleiðina. Fegurð Vestfjarða er einstök og margir tala um þá sem leynda perlu. Þeir sem

hafa komið vestur og kynnst mögnuðum afskekktum vikum og þröngum fjörðum af eigin raun segja að það sé engu líkt.

„Okkur finnst gaman að sigla um öll heimsins höf en fyrst og fremst lítum við á Auroru sem „færanlegan fjallakofa“. Siglingarnar sem slíkar eru ekki aðalatriðið. Við nýtum okkur þá möguleika sem skútan gefur á því að fara á spennandi staði sem annars væru ekki aðgengilegir. Þar leggjumst við ef til vill við akkeri, förum í land á skíði, út að róa á kajak eða í gönguferðir á landi. Síðan er borðaður góður matur og lagst til svefnis í heitum og þægilegum vistarverum,” segir Sigurður. „Við byrjum í lok febrúar með skíðaferðir í Jökulfirði. Þá





ykkur ekki sérstaklega harðir af sér? „Ferðirnar okkar henta fólki á öllum aldri. Í fyrra héldum við til dæmis upp á 84 ára afmæli bresks gests inni á grænenskum eyðifirði. Aðalatriðið er að fólk sé jákvætt og hafi gaman af því að lenda í hóflegum ævintýrum í góðum hópi. Auðvitað spillir ekki fyrir að menn séu í lágmarksformi til að geta betur notið til dæmis gönguferða í landi.“

Líkt og Sigurður ýjar að þarf fólk að hafa ánægju af að takast á við alls konar aðstæður þegar svona ferðir eru valdar. Allir sem starfa hjá ferðaskrifstofunni hafa ástríðufullan áhuga á útivist og njóta þess að reyna á sig. Um bord í skútu verður einnig mikil nálægð og fólk þarf að vera samhent og umburðarlynt. Skútuferðir eru nýstárlegur ferðamáti og nokkuð sem gaman væri að prófa.

Er á dagskrá að bjóða upp á fleiri styttri ferðir eða jafnvel að bæta við skipaflotann?

„Stystu ferðirnar okkar eru fimm nætur og við höfum ekki hugsað okkur að bjóða mikið upp á styttri ferðir. Lengstu ferðirnar á Grænlandi eru tvær vikur. Jú, við höfum lengi velt fyrir okkur að bæta við annarri skútu til að auka fjölbreytni í ferðum. Við höfum byggt þetta upp hægt og rólega og munum halda áfram að taka þetta í hóflegum skrefum,“ segir Sigurður að lokum en ferðamenn sem áhuga hafa á að kanna lönd og náttúru norðurslóða geta leitað frekari upplýsinga á heimsíðunni: <http://www.aurora-arktika.com>.

ÚTSALAN er hafin  
30-50% afsláttur  
af öllum útsöluvörum

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • [www.belladonna.is](http://www.belladonna.is)